HVER SKÓLADAGUR SKIPTIR MÁLI!

Skólasókn - viðmið um viðbrögð

*Sveitarfélög útfæra og innleiða verklag út frá þessum viðmiðum



AUKINN STUÐNINGUR VIÐ SKÓLASÓKN

Viðmið 1

10 fjarvistarstig
vegna fjarveru, leyfis- og veikindastunda
EÐA **5**
leyfis-/veikindadagar
á skólaárinu.

Umsjónarkennari ræðir við barn um skólasókn og hefur samband við foreldra/forsjáraðila.

Viðmið 2

30-50 fjarvistarstig
vegna fjarveru,
20 leyfis- og veikindastunda
EÐA **10**
leyfis-/veikindadagar
á skólaárinu.

Umsjónarkennari leitar ráðgjafar hjá sérfræðingi innan skólans eða tengiliði farsældar. Haldinn er fundur með foreldrum/forsjáraðilum. Veitt er leiðsögn og útbúin áætlun um bætta skólasókn.

Viðmið 3

60-70 fjarvistarstig
vegna fjarveru,
30 leyfis- og veikindastunda
EÐA **15**
leyfis-/veikindadagar
á skólaárinu.

Umsjónarkennari sendir beiðni til lausnateymis skólans og fundar með foreldrum/forsjáraðilum ásamt tengiliði farsældar og/eða skólastjórnanda. Áætlun um bætta skólasókn endurskoðuð í samvinnu við foreldra/forsjáraðila og umsjónarkennara.

Viðmið 4

80-100 fjarvistarstig
vegna fjarveru,
40 leyfis- og veikindastunda
EÐA **20**
leyfis-/veikindadagar
á skólaárinu.

Máli barns vísað til umfjöllunar í nemendaverndarráði. Aðkoma annarra skoðuð, svo sem skólaþjónustu sveitarfélags, velferðarþjónustu og/eða heilbrigðiskerfis. Áætlun um bætta skólasókn endurskoðuð í samvinnu við foreldra/forsjáraðila og umsjónarkennara.

Viðmið 5

110+ fjarvistarstig
vegna fjarveru,
50 leyfis- og veikindastunda
EÐA **30**
leyfis-/veikindadagar
á skólaárinu.

Skóli tilkynnir skólasókn til fræðslusviðs sveitarfélags og barnaverndar. Áætlun um bætta skólasókn endurskoðuð í samvinnu við foreldra/forsjáraðila og umsjónarkennara.

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið